

Brjef landshöfðingja til stiptsýfirvaldanna yfir Íslandi um lán- 12
tökuleyfi handa Rafnseyrarprestakalli. Samkvæmt tillögum yðar, herra 20. febr.
 amtmaður, og yðar, herra biskup, í brjefi, dags. 28. f. m., og beiðni hlutadeig-
 anda, vil jeg hjermed veita samþykki mitt til þess, að kand. Böðvar Bjarnason,
 er veitingu hefir fengið fyrir Rafnseyrarprestakalli, taki 1800 kr. embættislán
 uppá prestakallið, til þess að byggja á prestssetrinu Rafnseyri tvíloftað íbúðar-
 hús, 12×10 álnir, með flötu þaki, járnvarið að utan, en timburklæðning og pappi
 undir járn, með steinlímdum grunni og kjallara, og að öðru leyti með því fyr-
 irkomulagi, sem nánara er tekið fram í brjefi yðar. Húsið skal verða eign
 prestakallsins og koma í stað þessara húsa: baðstofu, ganga, búrs og eldhúss,
 skála, bæjardyra og frammistofu. Prestinum ber að halda húsinu í eldsvoða-
 ábyrgð að minnsta kosti fyrir 3000 kr. Sömuleiðis ber honum að halda því við
 og skila því á sínum tíma í gildu standi eða með fullu álagi. Helming láns
 þessa skal eigi borga lántakanda fyr en það er áreiðanlega sannað með lög-
 mætri skoðunargjörð, að hinum settu skilyrðum sje fullnægt. Að öðru leyti er
 lántökuleyfið því skilyrði bundið að lánið borgist aptur á 24 árum með 75 kr. á
 ári, og að vextirnir eigi nemi meiru enn 4½ af hundraði.

Þetta skal yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja til biskupsins yfir Íslandi um niðurlagning 13
Hróarsholtskirkju. — Eptir móttöku brjefs yðar, háæruverðugi herra, dag- 27. febr.
 setts 19. þ. m., hefi jeg samkvæmt 4. gr. laga 27. febr. 1880 um skipun presta-
 kalla, og að ráði yðar staðfest þá ákvörðun hlutadeigandi safnaðar, er hjerads-
 fundur Árnesprófastsdæmis hefir samþykkt: 1. að Hróarsholtskirkja verði lögð
 niður, þannig að eigendur Hróarsholts með hjáleigum haldi áfram að greiða
 prestsmötugjald eins og verið hefir, en kirkjuhúsið með sjóði kirkjunnar, orna-
 mentis hennar og instruments, verði eign Hraungerðiskirkju. 2. Að Hróarsholts-
 sókn verði sameinuð Hraungerðissókn, enda verði Hraungerðiskirkja stækkuð
 svo sem með þarf sakir viðbótarinnar við Hraungerðissókn, en allar tekjur Hró-
 arsholtskirkju skuli eptir niðurlagning hennar ganga til Hraungerðiskirkju.

Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birt-
 ingar.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vesturamt- 14
inu um sveitfesti þurfalings. — Með brjefi yðar, dagsettu 18. þ. m., hafði þjer, 28. febr.
 herra amtmaður, sent hingað erindi hreppsnefndarinnar í Leiðvallarhreppi hinum